

Norðurþing

Ársreikningur

2019

Norðurþing
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík
kt. 640169-5599

Norðurþing

Ársreikningur

2019

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra	2
Áritun óháðra endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar uppl.	23

Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur Norðurþings er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 4.836 milljón króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 4.626 milljónum króna. Rekstrartekjur A hluta námu 3.617 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 3.464 milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 152 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 139 milljónum króna jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 61 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 85 milljón króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 2.213 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af var eigið fé A hluta um 902 milljónir króna.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 2.708 milljónum króna en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 268 stöðugildum.

Íbúafjöldi Norðurþings í árslok 2019 var 3.115 og fjölgaði um 72 frá fyrra ári.




Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sveitarfélagið yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar í viðauka með ársreikningi.

Ársreikningur Norðurþings fyrir árið 2019 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Húsavík, 17. apríl 2020

Sveitarstjóri:






Byggðarráð:


 
Helena Eydís Ingólfsdóttir
Kolbrinn Ada Gunnarsd.
Sigríður Þórsd.

Sveitarstjórn Norðurþings staðfestir hér með ársreikning Norðurþings fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Húsavík, 19. maí 2020

Sveitarstjórn:

 
 
Heiðbjört Ólafsdóttir
Helena Eydís Ingólfsdóttir
Kolbrinn Ada Gunnarsd.

Sigríður Þórsd.

Áritun óháðra endurskoðenda

Til sveitarstjórnar Norðurþings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Norðurþings fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Norðurþings á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Norðurþingi í samræmi við alþjóðlegar síðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Engar megináherslur voru skilgreindar í endurskoðunarvinnu okkar.

Aðrar upplýsingar

Sveitarstjórn og sveitarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra og yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðra endurskoðenda

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá inni eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrathæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrathæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrathæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrathæfi ber okkur að velja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrathæfi sveitarfélagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álitum okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við sveitarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem getu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Húsavík, 19. maí 2020.

Deloitte ehf.


Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi


Ragnar Jóhann Jónsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2019

Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2019	Áætlun	2018	2019	Áætlun	2018
Rekstrartekjur						
Skatttekjur	2.214.381	2.176.749	2.143.208	2.202.698	2.153.874	2.132.779
Framlög jöfnunarsjóðs	557.573	601.347	653.204	557.573	601.347	653.204
Aðrar tekjur	845.183	685.970	809.621	2.075.507	1.871.030	1.934.791
3	<u>3.617.137</u>	<u>3.464.066</u>	<u>3.606.033</u>	<u>4.835.779</u>	<u>4.626.251</u>	<u>4.720.774</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	4 (2.298.689)	(2.221.618)	(2.015.876)	(2.707.685)	(2.593.850)	(2.379.632)
Annar rekstrarkostnaður	(1.044.684)	(951.963)	(951.124)	(1.470.175)	(1.344.491)	(1.336.833)
	<u>(3.343.373)</u>	<u>(3.173.581)</u>	<u>(2.966.999)</u>	<u>(4.177.861)</u>	<u>(3.938.341)</u>	<u>(3.716.465)</u>
Rekstrarn. fyrir afskriftir						
Afskriftir	7 273.764	290.485	639.033	657.919	687.910	1.004.310
	<u>(100.051)</u>	<u>(95.000)</u>	<u>(66.328)</u>	<u>(324.259)</u>	<u>(312.530)</u>	<u>(319.945)</u>
Rekstrarniðurst. án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda						
Fjármunat. og fjármagnsgjöld ..	5 173.713	195.485	572.706	333.660	375.380	684.364
	<u>(112.553)</u>	<u>(110.123)</u>	<u>(112.357)</u>	<u>(183.890)</u>	<u>(220.625)</u>	<u>(229.774)</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta						
Tekjuskattur	61.160	85.362	460.349	149.769	154.755	454.590
Hlutdeild minnihluta	0	0	0	(14.203)	(15.761)	(5.816)
	0	0	0	16.251		7.999
Rekstrarniðurstaða ársins						
	<u>61.160</u>	<u>85.362</u>	<u>460.349</u>	<u>151.817</u>	<u>138.994</u>	<u>456.774</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
Fastafjármunir					
Fasteignir og lóðir	7	3.214.364	2.904.065	3.920.137	3.643.934
Veitukerfi og hafnarmannvirki	7	0	0	2.516.587	2.558.460
Aðrar eignir	7	691.743	577.059	730.968	602.894
Leigðar eignir	7	25.825	26.661	25.825	26.661
Eignarhlutir í öðrum félögum	8	358.789	365.037	342.337	344.953
Reiknuð skattinneign		0	0	66.506	66.410
Langtímakröfur	9	252.370	273.689	11.197	12.390
Fyrirframgreiddur kostnaður	21	229.864	239.049	229.864	239.049
		<u>4.772.954</u>	<u>4.385.560</u>	<u>7.843.422</u>	<u>7.494.750</u>
Veltufjármunir					
Birgðir		0	0	1.428	1.400
Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur	11	433.302	391.358	477.385	437.462
Næsta árs- og gjaldf. afb af langtímakröfum	9	2.781	2.602	1.759	1.674
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		55.534	83.557	0	0
Aðrar skammtímakröfur		56.626	62.156	91.713	66.125
Markaðsverðbréf		0	0	242.877	233.116
Handbært fé		276.560	404.955	580.216	799.646
		<u>824.803</u>	<u>944.629</u>	<u>1.395.379</u>	<u>1.539.424</u>
Eignir		<u>5.597.757</u>	<u>5.330.188</u>	<u>9.238.800</u>	<u>9.034.174</u>

31. desember 2019

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
Eigið fé	12				
Eiginfjárreikningur		902.470	802.708	2.238.117	2.047.137
Hlutdeild minnihluta í eigin fé		0	0	(25.257)	(18.462)
Eigið fé		<u>902.470</u>	<u>802.708</u>	<u>2.212.860</u>	<u>2.028.675</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbindingar	13	2.007.078	1.944.320	2.081.958	2.023.251
Skuldir við lánastofnanir	14	1.845.197	1.895.193	2.735.390	2.935.718
Aðrar langtímaskuldir	14	0	0	1.170.528	1.152.131
Leiguskuldir	15	10.760	14.594	10.760	14.594
		<u>3.863.035</u>	<u>3.854.107</u>	<u>5.998.636</u>	<u>6.125.695</u>
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir		155.046	160.222	189.057	205.102
Skuldir við eigin fyrirtæki		112.907	17.298	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14	200.207	163.395	329.167	211.816
Næsta árs afborganir leiguskulda	15	4.224	3.852	4.224	3.852
Næsta árs afb lífeyrisskuldbinding	13	77.511	72.326	85.738	80.478
Aðrar skammtímaskuldir		282.358	256.282	419.118	378.556
		<u>832.252</u>	<u>673.373</u>	<u>1.027.304</u>	<u>879.804</u>
Skuldir		<u>4.695.287</u>	<u>4.527.480</u>	<u>7.025.940</u>	<u>7.005.499</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>5.597.757</u></u>	<u><u>5.330.188</u></u>	<u><u>9.238.800</u></u>	<u><u>9.034.174</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2019	Áætlun	2018	2019	Áætlun	2018
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða ársins	61.160	85.362	460.349	151.817	138.994	456.774
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir og virðisrárnun	7 100.051	95.000	66.328	324.259	312.530	319.945
Hagnaður af sölu eigna	(3.768)	0	(344)	(48.701)	(42.125)	(21.568)
Niðurf. eignarhl. í öðrum félögum	6.248	0	(811)	2.775	0	4.087
Verðb. og gengism. langtímalíða	40.335	52.145	55.477	86.964	116.631	124.224
Hlutdeild minnihluta	0	0	0	(16.251)	(10.236)	(7.999)
Skatteign, breyting	0	0	0	(97)	0	(2.838)
Hækkun skuldbindinga	171.204	249.608	104.795	174.064	240.338	97.453
Veltufé frá rekstri	375.230	482.115	685.794	674.831	756.132	970.078
Br. á rekstrartengdum eignum	(36.414)	0	156.836	(32.404)	0	228.033
Br. á rekstrartengdum skuldum	14.900	0	(188.347)	7.976	(29.599)	(209.653)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga	(94.076)	(92.700)	(89.073)	(100.912)	(92.700)	(97.021)
Handbært fé frá rekstri	259.640	389.415	565.210	549.490	633.833	891.438
Fjárfestingahreyfingar						
Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm.	(486.328)	(530.448)	(451.842)	(662.800)	(776.030)	(574.061)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	4.500	0	1.900	35.399	79.000	29.961
Fyrirframgr. langtímakostnaður	0	0	(250.717)	0	0	(250.717)
Fjárf. í eignathl. í öðrum félögum	0	0	0	(159)	0	(25.554)
Langtímakröfur, breyting	1.772	2.626	98.755	1.423	1.651	9.720
	(480.056)	(527.822)	(601.904)	(626.136)	(695.379)	(810.651)
Fjármögnunarhreyfingar						
Tekin ný langtímalán	100.000	250.000	262.000	100.000	260.000	299.679
Afborganir langtímalána	(168.047)	(191.958)	(208.630)	(266.727)	(259.728)	(226.540)
Innborganir frá eignaraðilum	0	0	0	9.835	6.000	7.775
Skammtímalán, breyting	0	0	0	8.108	0	20.690
Viðskiptar. eigin fyrirt., breyting	154.068	10.543	10.079	0	0	0
Fyrirfram innh. tekjur breyting	6.000	0	3.096	6.000	0	3.096
	92.021	68.585	66.544	(142.784)	6.272	104.699
(Lækkun)/hækkun handb. fjár	(128.395)	(69.822)	29.850	(219.429)	(55.274)	185.486
Handbært fé í upphafi árs	404.955	260.437	375.105	799.646	440.449	614.160
Handbært fé í lok árs	276.560	190.615	404.955	580.216	385.175	799.646

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga: Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxafjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Nær það yfir rúmlega 4% landsins, frá Reykjahverfi í Suður Þingeyjarsýslu að Ormarsá austan við Raufarhöfn og upp fyrir Grímsstaði á Fjöllum, í Norður Þingeyjarsýslu. Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í lok árs 2019 voru íbúar sveitarfélagsins 3.115.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Félagslegar íbúðir, Hafnasjóður, Orkuveita Húsavíkur ohf., Dvalarheimili aldraðra sf., Leigufélagið Hvammur ehf. og Fjárfestingafélag Norðurþings ehf.

Ársreikningur Norðurþings fyrir árið 2019 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning fyrir A og B hlutann.

Fjárhagsáætlun Norðurþings fyrir árið 2019 með viðaukum er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi. Samanburð á fjárhagsáætlun með viðaukum við upphaflega fjárhagsáætlun má sjá í skýringu númer 19 í ársreikningnum.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að lóðir og lendur hjá Eignasjóði hafa verið endurmetnar.

Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustumiðsvöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B hluta fyrirtækja. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattgildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda.

Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

Tekjuskattur

Tekjuskattur vegna skattskyldrar starfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf. er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur hjá Eignasjóði eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2009 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, 2/2010 Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna Eignasjóðs, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirkis, en þó eigi herra verði en sem nemur núvirkni framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur Eignasjóðs eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmits eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til vantanlegs hrakvirkis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Eignarhlutar í félögum

Í ársreikningnum eru eignarhlutar í öðrum félögum færðir á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Sjóðir, bankainnstæður og peningamarkaðslán teljast til handbærs fjár.

Eignir utan efnahagsreiknings

Lönd í eigu aðalsjóðs eru ekki færð til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádrögnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem skuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2019. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna sé það lægra.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Skýringar

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2019	Fjárhags- áætlun 2019	2019	Fjárhags- áætlun 2019
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Útsvör.....	1.831.655	1.801.360	1.831.655	1.862.560
Fasteignaskattur og lóðarleiga.....	382.726	375.389	371.043	291.314
	<u>2.214.381</u>	<u>2.176.749</u>	<u>2.202.698</u>	<u>2.153.874</u>
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Framlag vegna fasteignagjalda.....	202.248	188.363	202.248	188.363
Útgjaldajöfnunarframlag.....	339.536	392.623	339.536	392.623
Framlög vegna grunnskóla.....	(14.475)	276	(14.475)	276
Önnur framlög.....	30.264	20.085	30.264	20.085
	<u>557.573</u>	<u>601.347</u>	<u>557.573</u>	<u>601.347</u>
Aðrar tekjur.....	845.183	685.970	2.075.507	1.871.030
Rekstrartekjur samtals.....	<u>3.617.137</u>	<u>3.464.066</u>	<u>4.835.779</u>	<u>4.626.251</u>
Álagningarhlutföll				
Útsvar.....		14,520%		
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði.....		0,525%		
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði.....		1,650%		

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2019	Fjárhags- áætlun 2019	2019	Fjárhags- áætlun 2019
Laun.....	1.735.673	1.597.861	2.067.143	1.878.329
Launatengd gjöld.....	391.813	374.149	466.478	457.923
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	162.019	249.608	164.879	257.598
Framlag vegna Brú lífeyrissjóður.....	9.185	0	9.185	0
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<u>2.298.689</u>	<u>2.221.618</u>	<u>2.707.685</u>	<u>2.593.850</u>
Stöðugildi að meðaltali 2019.....	225		268	

Laun sveitastjórnar og sveitastjóra námu 51,7 milljónum króna á árinu 2019.

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	A hluti		A og B hluti	
	2019	Fjárhags- áætlun 2019	2019	Fjárhags- áætlun 2019
Vaxtatekjur og verðbætur.....	(960)	172.750	21.380	135.951
Arður af eignarhlutum.....	11.542	10.834	11.542	10.834
Aðrar vaxtatekjur.....	9.015		0	
Vaxtagjöld.....	(73.785)	(194.071)	(118.218)	(261.586)
Verðbætur og gengismunur.....	(52.116)	(99.636)	(97.396)	(105.824)
Niðurfærsla hlutabréfaeignar.....	(6.248)		(1.198)	
	<u>(112.553)</u>	<u>(110.123)</u>	<u>(183.890)</u>	<u>(220.625)</u>

Skýringar

6. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
Skatttekjur.....		2.821.947	2.821.947	2.820.326
Félagsþjónusta.....	553.470	353.332	(200.138)	(215.662)
Fræðslumál.....	1.394.813	117.170	(1.277.643)	(1.183.647)
Menningarmál.....	63.375	0	(63.375)	(61.693)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	341.347	51.046	(290.300)	(272.013)
Brunamál og almannavarnir.....	94.776	42.766	(52.010)	(49.356)
Hreinlætismál.....	82.664	64.592	(18.072)	(8.896)
Skipulags- og byggingarmál.....	49.272	3.421	(45.851)	(52.724)
Samgöngumál.....	153.465	9.682	(143.782)	(122.119)
Umhverfismál.....	85.006	3.770	(81.236)	(88.614)
Atvinnumál.....	58.697	17.447	(41.250)	(43.829)
Sameiginlegur kostnaður.....	324.992	60.188	(264.804)	(289.752)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	171.204	0	(171.204)	(249.608)
Sérstök framlög til Eignasjóðs og Þjónustumiðstöðvar.....	0	0	0	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	100.166	164.318	64.152	89.289
Aðalsjóður samtals.....	3.473.246	3.709.679	236.433	271.702
A-hluta stofnanir:				
Eignasjóður.....	427.616	352.850	(74.766)	(94.339)
Þjónustumiðstöð.....	189.974	89.467	(100.507)	(92.001)
Innri færslur A hluta.....	(370.541)	(370.541)	0	0
A hluti samtals.....	3.720.294	3.781.455	61.160	85.362
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
B-hluta fyrirtæki:				
Félagslegar íbúðir.....	67.957	93.266	25.310	5.786
Hafnasjóður Norðurþings.....	245.644	224.360	(21.284)	(13.587)
Orkuveita Húsavíkur ohf.....	320.182	423.065	102.883	63.042
Leigufélagið Hvammur ehf.....	28.368	19.699	(8.669)	(16.608)
Dvalarheimili aldraðra sf.....	584.344	536.385	(47.959)	(30.707)
Innri færslur A og B hluta.....	(98.927)	(58.550)	40.376	45.705
A og B hluti samtals.....	4.867.862	5.019.680	151.817	138.994

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

A hluti

	Fasteignir og lóðir	Veitukerfi og hafnir	Aðrar eignir	Leigðar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	3.940.199	0	926.127	33.413	4.899.739
Endurmat á lóðum og lendum	38.601	0	0	0	38.601
Eignfært á árinu	320.006	0	172.724	0	492.730
Selt og aflagt á árinu	(7.988)	0	(22.327)	0	(30.315)
Staða í árslok	4.290.818	0	1.076.525	33.413	5.400.755
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	1.036.134	0	349.068	6.752	1.391.954
Afskrift ársins	47.509	0	51.706	835	100.051
Selt og aflagt á árinu	(7.189)	0	(15.992)	0	(23.181)
Staða í árslok	1.076.454	0	384.782	7.587	1.468.823
Bókfært verð					
Bókfært verð í ársbyrjun	2.904.065	0	577.059	26.661	3.507.785
Bókfært verð í árslok	3.214.364	0	691.743	25.825	3.931.932
Afskriftarhlutföll	2,5-4%	1-10%	10-20%	2,5%	

A og B hluti

	Fasteignir og lóðir	Veitukerfi og hafnir	Aðrar eignir	Leigðar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	5.428.394	5.986.436	1.020.457	33.413	12.468.700
Endurmat á lóðum og lendum	38.601	0	0	0	38.601
Eignfært á árinu	359.844	156.173	182.421	0	698.438
Selt og aflagt á árinu	(60.891)	0	(22.327)	0	(83.218)
Staða í árslok	5.765.948	6.142.609	1.180.552	33.413	13.122.521
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	1.784.460	3.427.976	417.563	6.752	5.636.751
Afskrift ársins	77.366	198.046	48.012	835	324.259
Selt og aflagt á árinu	(16.015)	0	(15.992)	0	(32.007)
Staða í árslok	1.845.811	3.626.022	449.583	7.587	5.929.003
Bókfært verð					
Bókfært verð í ársbyrjun	3.643.934	2.558.460	602.894	26.661	6.831.949
Bókfært verð í árslok	3.920.137	2.516.587	730.968	25.825	7.193.517
Afskriftarhlutföll	2-6%	1-10%	10-20%	2,5%	

Afskriftir ársins greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Varanlegir rekstrarfjármunir	100.051	324.259
	100.051	324.259

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Fasteignamat og brunabótamat fasteigna, veitukerfa, hafnamannvirkja og gatna sveitarfélagsins greinist þannig í árslok:

A hluti

	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat
Skólahúsnæði	1.005.925	4.087.395
Íþróttahús og sundlaugar	413.737	1.518.450
Þjónustuhúsnæði	349.058	807.359
Aðrar fasteignir	1.971.331	7.450.325
Lóðir og lendur	280.803	0
	<u>4.020.854</u>	<u>13.863.529</u>

B hluti

	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat
Félagslegar íbúðir	674.330	1.232.950
Orkuveita Húsavíkur	161.796	451.417
Dvalarheimili aldraðra	760.934	2.359.700
Leigufélagið Hvammur	220.060	308.950
Aðrar fasteignir B hluta	38.357	172.250
	<u>1.855.477</u>	<u>4.525.267</u>

Samtals A og B hluti

	<u>5.876.331</u>	<u>18.388.796</u>
--	------------------	-------------------

Tryggingaverð lausafjármuna greinist þannig:

Stjórnsýsluhús	80.861
Skólar	353.226
Íþróttahöll og sundlaug	52.903
Félagsheimili	20.968
Sambýli	15.351
Þjónustumiðstöð	103.340
Hafnasjóður	11.294
Orkuveita Húsavíkur	360.410
	<u>998.353</u>

Skýringar

8. Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Kostnaðarverð	
		A hluti	A og B hluti
Eignarhlutar í öðrum félögum			
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf.	47,20%	7.936	7.936
Hvalamiðstöðin á Húsavík ehf.	15,44%	0	325
Greið leið ehf.	3,95%	0	13.635
Íslensk orka hf.	31,45%	0	45.043
Hrafnabjargavirkjun hf.	48,75%	0	20.942
Garðarsstofa ehf.	28,60%	500	700
Hítaveita Öxarfjarðar hf.	52,67%	0	34.269
Rifós hf.	2,48%	0	3.655
Seljalax hf.	26,08%	0	11.028
Fjallalamb hf.	15,30%	0	23.105
Landskerfi bókasafna ehf.	13,00%	94	94
Silfurstjarnan hf.	0,00%	0	1.338
Síldarvinnslan hf.	0,00%	0	112
Orkuveita Húsavíkur ehf.	100,00%	85.349	0
Fjárfestingafélag Norðurþings	100,00%	105.628	0
Leigufélag Hvamms ehf.	76,29%	102.621	0
Lánaþjófur sveitarfélaga ohf.	2,22%	196.845	196.845
Skúlagarður-fasteignafélag ehf.	48,50%	23.007	23.007
Sjóbböð ehf.	15,22%	0	28.610
Mýsköpun ehf.	5,00%	0	500
Verslunarhúsið á Kópaskeri ehf.	8,13%	800	800
Sparisjóður Suður-Þingeyinga	3,20%	0	5.159
		<u>522.780</u>	<u>417.101</u>
Niðurfærsla hlutabréfaeignar		(163.992)	(74.764)
		<u>358.789</u>	<u>342.337</u>

9. Langtímakröfur

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Næsta árs afborganir	2.781	1.759
Afborganir 2021	2.894	1.759
Afborganir 2022	3.012	1.759
Afborganir 2023	3.135	1.759
Afborganir 2024	3.262	1.759
Afborganir síðar	240.067	4.160
	<u>255.151</u>	<u>12.956</u>
Næsta árs afborganir.....	(2.781)	(1.759)
	<u>252.370</u>	<u>11.197</u>

10. Tekjuskattsinneign

Reiknuð tekjuskattsinneign skiptist þannig:

	A og B hluti
Varanlegir rekstrarfjármunir	48.480
Lífeyrisskuldbinding	16.622
Viðskiptakröfur	1.418
Aðrir liðir	(14)
	<u>66.506</u>

Skýringar

11. Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Breytingar á niðurfærslu óinnheimtra skatttekna og viðskiptakrafna greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
Staða í ársbyrjun	37.559	39.094	43.759	44.594
Breyting niðurfærslu á árinu.....	8.593	(1.535)	11.543	(835)
Staða í árslok	46.152	37.559	55.302	43.759

12. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2019.....	802.708	2.028.675
Endurmat lóða og lendna.....	38.601	38.601
Aðrar breytingar.....	0	(6.234)
Rekstrarniðurstaða ársins	61.160	151.817
Eigið fé 31.12.2019.....	902.470	2.212.860

13. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á áunnum lífeyrissréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurbæjar námu skuldbindingar A hluta 2.085 millj. kr. og A og B hluta 2.168 millj. kr. í árslok 2019 miðað við 2,0% ársvexti umfram hækkanir á lífeyrissréttindum. Breyting skuldbindinganna greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Lífeyrisskuldbinding 1.1.2019.....	2.016.645	2.103.729
Greitt á árinu.....	(94.076)	(100.912)
Gjaldfært á árinu.....	162.019	164.880
Lífeyrisskuldbinding 31.12.2019.....	2.084.588	2.167.696

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

Árin 2020 - 2034.....	1.316.617	1.249.336
Síðar.....	767.972	918.361
	2.084.588	2.167.696

14. Langtímaskuldir

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
Skuldir í CHF	27.079	31.982	27.079	31.982
Skuldir í EUR	46.311	45.424	136.210	133.600
Skuldir í JPY	11.649	13.796	11.649	13.796
Skuldir í ISK	1.960.365	1.967.385	4.060.147	4.120.288
	2.045.404	2.058.587	4.235.085	4.299.666
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(200.207)	(163.395)	(329.167)	(211.816)
Langtímaskuldir í árslok	1.845.197	1.895.193	3.905.918	4.087.849

Skýringar

14. Langtímaskuldir (framhald)

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Næsta árs afborganir	200.207	329.167
Afborganir 2021	163.032	211.355
Afborganir 2022	146.001	193.934
Afborganir 2023	138.264	185.450
Afborganir 2024	135.312	182.380
Afborganir síðar	1.262.589	3.132.798
	<u>2.045.404</u>	<u>4.235.085</u>

15. Leigusamningar

Sveitarfélagið hefur gert leigusamning um fasteign sem færður er til skuldar. Leigusamningurinn er tengdur vísitölu neysluverðs og greinist þannig:

Leiguskuldir þ.m.t. næsta árs afborgun.....	14.984
Næsta árs afborgun.....	(4.224)
Langtímahluti leiguskuldar.....	<u>10.760</u>

Aðrar upplýsingar um leigusamning:

	Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Ónúvirt leigufjárhæð
Leikskóli Iðavöllum 1, leikskólalæiningar.....	2010-2023	4,7%	17.381
			<u>17.381</u>

16. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
Aðalsjóður	100%	5.760.427	3.838.463	1.921.964
Eignasjóður	100%	3.905.953	4.667.257	(761.304)
Þjónustumiðstöðstöð	100%	29.516	287.707	(258.190)
Innri færslur A hluta	100%	(4.098.140)	(4.098.140)	0
A hluti samtals		<u>5.597.757</u>	<u>4.695.287</u>	<u>902.470</u>
Fjárfestingafélag Norðurbings	100%	55.368	0	55.368
Félagslegar íbúðir	100%	165.855	417.592	(251.736)
Hafnasjóður	100%	1.272.583	1.705.283	(432.701)
Orkuveita Húsavíkur	100%	2.127.767	117.685	2.010.082
Leigufélag Hvamms ehf.	76,3%	138.769	187.668	(48.899)
Dvalarheimili aldraðra sf.	70,4%	340.531	364.456	(23.925)
Innri færslur A og B hluta		<u>(646.135)</u>	<u>(673.593)</u>	<u>27.458</u>
Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok		<u>9.052.495</u>	<u>6.814.378</u>	<u>2.238.117</u>
Hlutdeild minnihlutaeigenda		<u>186.305</u>	<u>211.562</u>	<u>(25.257)</u>
Heildarstaða eigna og skulda í árslok		<u>9.238.800</u>	<u>7.025.940</u>	<u>2.212.860</u>

Skýringar

17. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Öll viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og í viðskiptum við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa nú skapast vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Veruleg óvissa er um hvaða áhrif þessi staða mun hafa á sveitarfélagið. Þannig ríkir veruleg óvissa um endanleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hversu lengi hann mun vara og hver áhrifin verða eftir að honum líkur.

Vænta má að áhrif á rekstur sveitarfélagsins verði umtalsverð m.a. vegna lægri skatttekna og annarra tekna, frestun gjalddaga og aukinna útgjalda. Það er mat stjórnenda sveitarfélagsins að ekki sé unnt, vegna þessarar óvissu, að leggja endanlegt mat á áhrif Covid-19 á rekstur sveitarfélagsins, en meta greiðsluhæfi þess þó ekki skert. Til að mæta nauðsynlegu sjóðflæði hefur sveitarfélagið m.a. hugað að nýrri lántöku. Það er hins vegar ljóst að forsendur fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir árið 2020 eru að miklu leyti brostnar.

19. Yfirlit um lykiltölur

	A hluti		A og B hluti	
	2019	Fjárhags- áætlun 2019	2019	Fjárhags- áætlun 2019
Í hlutfalli við rekstrartekjur:				
Skatttekjur	61,2%	62,8%	45,6%	46,6%
Framlög jöfnunarsjóðs	15,4%	17,4%	11,5%	13,0%
Aðrar tekjur	23,4%	19,8%	42,9%	40,4%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld.....	63,5%	64,1%	56,0%	56,1%
Laun og launat. gjöld án breytinga lífeyrisskuldbindinga.....	59,1%	56,9%	52,6%	50,5%
Annar rekstrarkostnaður.....	28,9%	27,5%	30,4%	29,1%
Fjármagnsliðir, nettó.....	3,1%	3,2%	3,8%	4,8%
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir.....	95,5%	94,8%	90,2%	89,9%
Rekstrarniðurstaða.....	1,7%	2,5%	3,1%	3,0%
Í þúsundum króna á fbúa:				
Rekstur:				
Skatttekjur og jöfnunarsjóður.....	890	892	886	885
Aðrar tekjur.....	271	220	666	601
Rekstrartekjur samtals.....	1.161	1.112	1.552	1.485
Rekstrargjöld, fjármagnsliðir og skattar.....	1.142	1.085	1.509	1.441
Rekstrarniðurstaða ársins	20	27	44	45

Skýringar

19. Yfirlit um lykiltölur (framhald)

Efnahagur:	A hluti		A og B hluti	
	Árið 2019	Árið 2018	Árið 2019	Árið 2018
Eignir.....	1.797	1.752	2.966	2.969
Eigið fé.....	290	264	710	667
Skuldir og skuldbindingar.....	1.507	1.488	2.256	2.302
Aðrar lykiltölur:				
Veltufjárhlutfall.....	0,99	1,40	1,36	1,75
Eiginfjárhlutfall.....	16%	15%	23,95%	22%
Heildarskuldir og skuldbindingar sem hlutfall af tekjum.....	130%	126%	145%	148%
Skuldahlutfall skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarf.....	80%	71%	96%	94%

Breyting á íbúafjölda

	2019	2018
Íbúafjöldi í árslok.....	3.115	3.043

Tekjur	Hlutfall af heildartekjum		Hlutfall af heildartekjum		Hlutfall af heildartekjum	
	2019	2018	2018	2017	2017	2016
Útsvör.....	1.831.655	37,9%	1.816.305	38,5%	1.697.322	38,0%
Fasteignaskattur.....	371.043	7,7%	316.475	6,7%	230.621	5,2%
Framlag úr Jöfnunarsj. sveitarf.....	557.573	11,5%	653.204	13,8%	664.327	14,9%
Skatttekjur.....	2.760.272	57,1%	2.785.983	59,0%	2.592.270	58,0%
Aðrar tekjur.....	2.075.507	42,9%	1.934.791	41,0%	1.873.473	42,0%
Heildartekjur samtals.....	4.835.779	100,0%	4.720.774	100,0%	4.465.744	100,0%

Gjöld

Launaliðir.....	2.707.685	56,0%	2.379.632	50,4%	2.356.323	52,8%
Annar rekstrarkostnaður.....	1.470.175	30,4%	1.336.833	28,3%	1.298.175	29,1%
Afskriftir.....	324.259	6,7%	319.945	6,8%	257.520	5,8%
Fjármagnsliðir, nettó.....	183.890	3,8%	229.774	4,9%	170.949	3,8%
Hlutdeild minnihluta.....	(16.251)	-0,3%	(7.999)	-0,2%	7.590	0,2%
Skattar.....	14.203	0,3%	5.816	0,1%	14.202	0,3%
	4.683.962	96,9%	4.264.001	90,3%	4.104.759	91,9%
Rekstrarmiðurstaða.....	151.817	3,1%	456.774	9,7%	360.985	8,1%

Skýringar

19. Yfirlit um lykiltölur (framhald)

Í þúsundum króna á íbúa

Íbúafjöldi.....	3.115	3.043	3.234
Heildartekjur.....	1.552	1.551	1.381
Skatttekjur á íbúa.....	886	916	802
Launaliðir.....	869	782	729
Annar kostnaður og afskriftir.....	576	544	481
Fjármagnsliðir, nettó.....	59	76	53

20. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sem birt er í rekstrarreikningi, sjóðstreymi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins er samkvæmt endanlegri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins með viðaukum. Fjárhagsáætlunin er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins. Gerðir voru formlegir viðaukar vegna ársins 2019 og greinast þeir sem hér segir:

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhagsáætlun	Viðaukar við fjárhagsáætlun	Fjárhagsáætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhagsáætlun	Viðaukar við fjárhagsáætlun	Fjárhagsáætlun með viðaukum
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur.....	2.176.749	0	2.176.749	2.153.874	0	2.153.874
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	601.347	0	601.347	601.347	0	601.347
Aðrar tekjur.....	626.190	59.780	685.970	1.811.250	59.780	1.871.030
	<u>3.404.286</u>	<u>59.780</u>	<u>3.464.066</u>	<u>4.566.471</u>	<u>59.780</u>	<u>4.626.251</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	2.165.665	55.953	2.221.618	2.537.897	55.953	2.593.850
Annar rekstrarkostnaður.....	945.159	6.804	951.963	1.337.687	6.804	1.344.491
Afskriftir.....	95.000	0	95.000	312.530	0	312.530
	<u>3.205.824</u>	<u>62.757</u>	<u>3.268.581</u>	<u>4.188.114</u>	<u>62.757</u>	<u>4.250.871</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda.....	198.462	(2.977)	195.485	378.357	(2.977)	375.380
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	(110.123)	0	(110.123)	(230.861)	0	(230.861)
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	10.236	0	10.236
Tekjuskattur.....	0	0	0	(15.761)	0	(15.761)
Rekstrarniðurstaða.....	<u>88.339</u>	<u>(2.977)</u>	<u>85.362</u>	<u>141.971</u>	<u>(2.977)</u>	<u>138.994</u>

21. Ábyrgðir utan efnahagsreiknings og önnur mál

Norðurlingur er í ábyrgð fyrir öllum lífeyrisskuldbindingum Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurbæjar. Auk Norðurlingur greiða ýmsar stofnanir og félög á Húsavík til sjóðsins vegna lífeyrisgreiðslna til fyrirverandi starfsmanna sinna. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á árinu 1998. Heildar áfallnar skuldbindingar sjóðsins umfram eignir námu um 2.592 milljón króna í árslok 2019 samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt.

Samkomulag við Brú lífeyrissjóð

Þann 19. september 2016 var gert samkomulag milli Bandalags háskólanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (Brú) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingarnar eru réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhlíða þessu samkomulagi gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 um ársreikninga sveitarfélaga þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Í byrjun árs 2018 samþykkti sveitarstjórn Norðurlingur samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu Brúar þann 31. maí 2017.

Í heild nam uppgjorið við Brú 361,4 milljónum króna og var það fjármagnað með láni frá Lánasjóði sveitarfélaga og greitt í febrúar 2018. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð og er skipting þess eftirfarandi:

- Framlag í jafnvægisjóð nemur 98,6 milljónum króna og er því ætlað að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi. Framlagið er gjaldfært að fullu á árinu 2017 og á móti sem skuld meðal skammtímaskulda í árslok.

- Framlag í lífeyrisaukasjóð nemur 237,2 milljónum króna og er því ætlað að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka. Framlagið verður eignfært í reikningsskilum sveitarfélagsins á árinu 2018 og gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.

- Framlag í varúðarsjóð nemur 25,5 milljónum króna og er því ætlað að styðja við lífeyrisaukasjóð. Framlagið verður eignfært í reikningsskilum sveitarfélagsins á árinu 2018 og gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfræður á árinu 2020 er færður meðal veltufjármuna en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærsla ársins er færð meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærsla vegna uppgjorsins og stada fyrirframgreiðslunnar greinist þannig á árinu 2019:

	Lífeyrisauka- sjóður	Varúðar- sjóður	Samtals
Stað fyrirframgreiðslu 31.12.2019	224.725	23.509	248.234
Gjalfærsla ársins 2019	(7.908)	(1.276)	(9.185)
Staða fyrirframgreiðslu 31.12.2019	216.817	22.232	239.049

Fyrirframgreiðslan greinist þannig 31.12.2019:

Gjaldf. næsta árs færð meðal veltufjármuna	7.908	1.276	9.185
Langtímahluti fyrirframgreiðslu	208.909	20.956	229.864
Samtals eignfært í efnahagsreikningi	216.817	22.232	239.049

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, með síðari breytingum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurþings nr. 170 frá 11. febrúar 2016 ásamt samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurþings frá 23. maí 2018. Sveitarstjórn er kjörin í almennum kosningum af íbúum sveitarfélagsins á fjögurra ára fresti.

Norðurþing hefur gefið út skuldabréf sem skráð eru í kauphöll og hlýtur því reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga sem Kauphöll Íslands gefur út.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið sveitarfélagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og það hlíti lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Um áhættustýringu er vísað til ákvæða í VII. kafla sveitarstjórnarlaga, s.s. um fjárstjórnarvald, bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, ábyrga meðferð fjármuna, miklar fjárfestingar og skuldbindingar og takmarkanir er varða veðsetningar og ábyrgðaveitingar. Sveitarfélagið fer að ákvæðum sveitarstjórnarlaga hvað þetta varðar. Til að tryggja að reikningsskil sveitarfélagsins séu í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um bókhald og ársreikninga sem og settar reikningsskilareglur hefur sveitarfélagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið og eðlilega aðgreiningu starfa.

Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn, nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins er tilgreindur í samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurþings sem aðgengileg er á heimasíðu þess. Á heimasíðunni má einnig sjá hverjir sitja í einstaka nefndum, ráðum og stjórnnum.

Í 2. tölulið 44. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem sveitarstjórn velur í. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er sveitarstjórnina varðar ræðst samsetningin af röðun framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Í sveitarstjórn eru nú 9 fulltrúar, 3 karlar og 6 konur, með ólíkan bakgrunn og menntun.

Um síðareglur og góða starfshætti er fjallað í 29. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarfélagið hefur sett sér síðareglur, dagsettar 19. júní 2018, sem aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld sem er stjórnað af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er fallið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup. Einnig eru í gildi síðareglur dagsettar 19. júní 2018 sem settar hafa verið á grundvelli 29. gr. sveitarstjórnarlaga og aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins sem tengist umhverfis-, félags- og/eða starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.